

A U G L Ý S I N G

**um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir Garðabraut 2 / Jaðarsbraut
23–25, Akranesi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir Garðabraut 2 / Jaðarsbraut 23–25 Akranesi.

Uppdráttur deiliskipulags hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjornar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir svonefndan Akratorgsreit á Akranesi. Hið deiliskipulagða svæði afmarkast af Merkigerði, Kirkjubraut, Skagabraut, Suðurgötu, Merkurteig og Vesturgötu.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjornar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

A U G L Ý S I N G

um tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala.

Vátryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar um löggildingu fasteinga- og skipasala, nr. 520 24. nóvember 1987, skulu vera sem hér segir tímabilð 1. desember 1992 til 30. nóvember 1993:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður 4 290 827,00 kr. en þó aldrei hærri en 12 872 481,00 kr. innan hvers vátryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður 5 149 993,00 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. nóvember 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.